

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 27. júní 1997

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar plastfestingar til notkunar í steinsteypu og múrvirki(\*)

(Texti sem varðar EES)

(97/463/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkar og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar

hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

#### 2. gr.

Í stöðlunarumboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98 frá 29. maí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

**Plastfestingar til notkunar í steinsteypu og múrvirki:** til notkunar í kerfi, svo sem klæðningarkerfi fyrir úthliðar, til að festa eða styðja við byggingarluta sem stuðla að stöðugleika kerfanna.

## II. VIÐAUKI

### VÖRUFLOKKUR

#### Plastfestingar til notkunar í steinsteypu og múrvirki (1/1)

##### Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem getið er hér á eftir, eru Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/ flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Plastfestingar til notkunar í steinsteypu og múrvirki	Til notkunar í kerfi, svo sem klæðningarkerfi fyrir úthliðar, til að festa eða styðja við byggingarluta sem stuðla að stöðugleika kerfanna		2+( <sup>1</sup> )

(<sup>1</sup>) Kerfi 2+: Sjá fyrsta kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og á framleiðslustýringu í verksmiðju sem og stöðugs eftirlits, mats og samþykkis á framleiðslustýringu í verksmiðju.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskýlunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika, óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim eignum.